



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

29. nóvember 2013

Mál nr. S-665/2013:
Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
(*Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari*)

Ákærði: X
(*Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.*)

Dómari: Arngrímur Ísberg héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 2013 í máli nr. S-665/2013:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember síðastliðinn, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 13. ágúst síðastliðinn, á hendur X, kt. [...], [...], Reykjavík, „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 18. ágúst 2012, framan við skemmtistaðinn English pub við Austurstræti 12 í Reykjavík, slegið A, kt. [...], hnefahöggi í andlit svo að hann datt í jörðina, allt með þeim afleiðingum að það brotnaði upp úr tönn og hann hlaut sár og mar á kjálka, djúpt mar á rasskinn og tognun á ökkla.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Þá gerir Arna Pálsdóttir, lögfræðingur, fh. A, kt. [...], kröfu um að ákærði verði dæmdur til þess að greiða skaðabætur, að fjárhæð kr. 500.000 með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 18. ágúst til birtingardags ákæru, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags. Þá er krafist lögmannspóknunar að teknu tilliti til virðisaukaskatts, skv. málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins, komi til þess, eða skv. mati dómsins.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu en til vara vægustu refsingar. Hann krefst þess aðallega að bótakröfunni verði vísað frá dómi en til vara að bætur verði lækkaðar. Loks krefst hann þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði svo og málsvarnarlaun verjanda síns.

II

Málavextir eru þeir að lögreglan var kvödd að nefndum skemmtistað á þeim tíma sem í ákæru greinir. Á staðnum skýrðu dyraverðir svo frá að tveir menn hefðu ráðist á brotþola, sem er dyravörður á skemmtistaðnum, slegið hann og brotið í honum tönn. Lögreglumenn fundu þessa menn skömmu síðar þar sem þeir lágu mjög ölvaðir á Austurvelli. Þeir neituð sök en vegna ölvunar var erfitt að ræða við þá og voru þeir því fluttir á lögreglustöð. Annar þessara manna var ákærði og þar sem vitni höfðu bent á hann sem árásarmanninn var hann vistaður í fangaklefa en félagi hans var sleppt.

Brotþoli fór á slysadeild þessa sömu nótt og kvaðst hafa orðið fyrir líkamsárás. Hann var skoðaður af hjúkrunarfræðingi og segir í áverkavottorði að svo virðist sem brotnað hafi upp úr tönn við höggið. Vegna þess hversu löng bið var eftir lækni fór brotþoli af slysadeildinni, en kom aftur 20. ágúst og kvaðst þá hafa verið kýldur vinstra megin í andlitið og dottið við það. Við fallið hefði hann lent með fót undir sér og eftir það fundið fyrir óþægindum í vinstri ökkla, vinstri rasskinn og kjálka vinstra megin. Brotþoli leitaði til tannlæknis 12. september og segir í vottorði hans að tönn nr. 37 sé brotin.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu neitaði ákærði alfarið sök.

III

Ákærði neitaði sök við aðalmeðferð. Hann kvaðst hafa reynt að komast inn á skemmtistaðinn með félagi sínum en dyravörður hefði ekki viljað hleypa þeim inn og hefðu þeir þá farið á næsta skemmtistað. Eins hefði sonur sinn verið með í för og tveir vinir hans. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður þessa nótt en engu að síður myndi hann eftir öllu. Hann kvaðst hafa verið handtekinn þar sem hann hefði setið á Austurvelli með félagi sínum og verið að æla. Hann kvað einhvern mann hafa bent á sig eins og hann orðaði það. Ákærði ítrekaði að hann hefði ekki kýlt neinn.

Brotþoli kvað tvo mjög ölvaða menn hafa verið fyrir utan skemmtistaðinn og dyraverðir hefðu ekki viljað hleypa þeim inn. Einhver orðaskipti kvað brotþoli hafa átt sér stað milli sín og ákærða en síðan hefði hann ýtt í hinn dyravörðinn og kýlt sig á vinstri kjálka og við það hefði brotnað upp úr tönn. Brotþoli kvaðst hafa dottið aftur fyrir sig og þegar hann var að standa á fætur aftur voru ákærði og félagi hans að ganga á brott. Einn dyravörður hefði fylgt þeim eftir og síðan hefði lögreglan komið og handtekið ákærða og kvaðst brotþoli þess fullviss að ákærði væri sá sem hefði kýlt sig, enda hefði hann séð ákærða í vörslu lögreglu eftir handtökuna og þekkt hann sem manninn sem hefði kýlt sig. Ákærði yfirgaf dómsalinn eftir að hafa gefið skýrslu og kvaðst brotþoli hafa séð hann og vera nokkuð viss um að það væri maðurinn sem hefði kýlt sig. Við fallið kvaðst brotþoli hafa vankast og auk þess misstigið sig.

Dyravörður á skemmtistaðnum kvaðst hafa verið við vinnu með brotþola þessa nótt og hefði hann staðið við hlið hans er tveir menn komu að. Þeir hefðu meinað öðrum þeirra aðgang vegna ölvunar. Hann hefði brugðist illa við og ýtt sér út í vegg og kýlt brotþola sem féll við og vankaðist. Eftir það hefðu mennirnir gengið í burtu og kvaðst hann ekki hafa séð meira til þeirra. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða í dómhúsinu og sett hann í samband við árásina. Hefði hann séð þennan mann á götu hefði hann ekki þekkt hann aftur sem árásarmanninn.

Félagi ákærða kvað þá hafa komið að skemmtistaðnum eftir að hafa verið að skemmta sér víða. Hann kvaðst hafa verið verulega ölvaður og lítið muna. Einnig hefði ákærði verið ölvaður. Þeir hefðu verið á skemmtistað við Laugaveg en þaðan hefði sonur ákærða ekið þeim að skemmtistaðnum sem nefndur er í ákæru. Einnig hefðu tveir vinir sonarins verið með. Ákærða og sér hefði verið meinað að fara inn á staðinn og hefðu þeir því farið á annan stað. Þaðan hefðu þeir farið út á Austurvöll og þar hefði ákærði ælt enda verið orðinn veikur af áfengisdrykkju. Þar hefðu þeir verið handteknir. Félaginn kvaðst ekki hafa séð ákærða kýla dyravörð en hann hefði verið að ræða við dyraverði. Félaginn kvaðst hins vegar ekki hafa nennt að ræða við þá.

Sonur ákærða kvaðst hafa ekið ákærða og féлага hans í bæinn. Hann kvaðst hafa staðið fyrir framan skemmtistaðinn ásamt ákærða og félaganum, en dyraverðir hefðu ekki viljað hleypa þeim inn. Dyravörður hefði ýtt í ákærða og kvaðst hann þá hafa dregið hann og félagann inn á annan skemmtistað ásamt tveimur félögum sínum. Skömmu síðar kvaðst hann hafa farið út og þá séð lögreglu vera að handtaka ákærða og féлага hans á Austurvelli. Sonurinn kvaðst ekki hafa séð ákærða slá dyravörð.

Félagi sonarins bar að hafa verið á rúntinum með félögum sínum og hefðu þeir ekið ákærða og féлага hans niður í bæ. Þeir hefðu farið allir að skemmtistaðnum, sem nefndur er í ákæru. Þeir hefðu ekki fengið að fara inn og því farið á annan stað. Hann kvað dyravörð hafa ýtt í ákærða og eftir það hefðu þeir farið. Hann kvaðst ekki hafa séð ákærða slá dyravörð og ekki séð dyravörð detta.

Annar félagi sonarins bar að þeir félagarnir hefðu ekið ákærða og féлага hans niður í bæ og síðan hefðu þeir allir farið saman að skemmtistaðnum sem í ákæru getur. Þar hefði dyravörður sagt að ákærði og félaginn væru of ölvaðir og svo hefði dyravörðurinn hrint ákærða sem ekki hefði svarað fyrir sig. Þá hefðu þeir farið á annan skemmtistað. Þar hefðu þeir misst af ákærða og félaganum en síðan séð að lögreglan var að handtaka þá. Félaginn kvaðst ekki hafa séð ákærða slá dyravörð.

Lögreglumaður bar að tilkynnt hefði verið að ráðist hefði verið á dyravörð. Hann kvað lögreglumenn hafa komið að tveimur mönnum þar sem þeir sátu á Austurvelli og hefðu dyraverðir á skemmtistaðnum bent á annan manninn og sagt að hann hefði slegið dyravörðinn en hinn hefði bara verið með honum. Mennirnir hefðu

verið fluttur á lögreglustöð og þar hefði sá, sem sagt var að hefði slegið, verið vistaður en hinum hefði verið sleppt.

Annar lögreglumaður bar að hafa komið að skemmtistaðnum og hitt brotþola sem kvað tvo ölvaða mann hafa verið með uppsteyt. Nokkru síðar hefði lögreglumönnum verið bent á mennina þar sem þeir hafi legið í grasinu á Austurvelli mjög ölvaðir. Lögreglumaðurinn sagði ákærða hafa verið vistaðan í fangaklefa, enda hefðu dyraverðir borið að hann hefði slegið dyravörðinn.

Þriðji lögreglumaðurinn bar að hafa verið kallaður ásamt fleiri lögreglumönnum að skemmtistaðnum. Þar hefðu tveir menn setið á grasinu á Austurvelli en þeir hefðu verið grunaðir um líkamsárás á dyravörð. Mennirnir hefðu verið handteknir. Á staðnum hefði lögreglumönnum verið sagt að mönnunum hefði verið neitað um inngöngu á skemmtistaðinn og þá hefði annar þeirra kýlt brotþola með þeim afleiðingum að tönn í honum brotnaði. Hann kvaðst hafa flutt annan manninn á lögreglustöð og hefði það verið sá sem sagt hafði verið á vettvangi að hefði kýlt brotþola.

Læknir á slysadeild, sem ritar framangreint vottorð, staðfesti það. Hann kvaðst ekki hafa skoðað brotþola en vitað af komu hans. Læknir undir sinni stjórn hefði skoðað hann. Læknirinn kvað áverka brotþola geta samrýmst því að hann hefði fengið högg á kjálka og eins gæti áverki á fæti samrýmst því að hann hefði fallið.

Tannlæknir, sem brotþoli leitaði til, staðfesti vottorð sitt. Hann kvað brotþola hafa leitað til sín og hefði hann verið með brotinn jaxl vinstra megin að neðan. Brotið gæti samrýmst því að brotþoli hefði fengið högg.

IV

Eins og rakið hefur verið neitar ákærði sök og hefur gert frá upphafi. Hann hefur kannast við að hafa verið fyrir utan skemmtistaðinn umrædda nótt og þá átt samskipti við dyraverði sem vildu ekki hleypa honum og félag hans inn. Félaginn, sonur ákærða og tveir félagar hans hafa allir borið á sama hátt að ákærða hafi verið meinud innganga vegna ölvunar, en enginn þeirra kvaðst hafa séð ákærða kýla brotþola. Framburður ákærða og þessara vitna er nokkuð samhljóða um að eftir að ákærða og félag hans hafði verið meinud innganga á skemmtistaðinn hafi þeir farið á annan skemmtistað og þaðan hafi ákærði og félaginn farið út á Austurvöll þar sem lögreglan handtók þá.

Hér að framan var rakinn framburður brotþola og þriggja lögreglumanna sem allir bera á einn veg. Brotþoli ber að ákærði hafi kýlt sig og lögreglumennirnir að þeim hafi á vettvangi verið bent á ákærða sem árásarmanninn. Dyravörður, sem var með ákærða þegar hann var sleginn, kvaðst ekki hafa séð hvaða maður var

handtekinn. Hann sá ákærða í dómhúsinu og setti hann í samband við málið eins og rakið var, en kvaðst ekki hafa þekkt hann aftur nema við þessar aðstæður.

Við mat á framburði félaga ákærða, sonar hans og félaga hans verður að hafa í huga tengsl þeirra svo og það að félaginn kvaðst hafa verið verulega ölvaður. Með framburði brotþola og samhljóða framburði lögreglumannanna, sem bera allir að á vettvangi hafi þeim verið bent á ákærða sem árásarmanninn, telur dómurinn sannað, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás á brotþola eins og honum er gefið að sök í ákæruskjalinu og með þeim afleiðingum sem þar greinir. Brot hans er rétt fært til refsíákvæðis.

Ákærði var dæmdur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi 1996 fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og 2. mars 2010 var hann dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir sams konar brot. Ákærði hefur nú rofið skilorðið og verður dómurinn tekinn upp og dæmdur með þessu máli, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður refsing ákveðin eftir reglum 77. gr. sömu laga og er hún hæfileg 4 mánaða fangelsi sem ekki eru skilyrði til að skilorðsbinda með hliðsjón af sakaferli ákærða.

Lögmaður brotþola sendi lögreglu bótakröfu 4. september 2012 en hefur ekki lagt fram greinargerð með kröfunni eins og áskilið er í 2. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að vísa kröfunni frá dómi.

Ákærði verður dæmdur til að greiða sakarkostnað og málsvarnarlaun verjanda síns með virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Bótakröfu A er vísað frá dómi.

Ákærði greiði 28.800 krónur í sakarkostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., 251.000 krónur.

Arngrímur Ísberg